

Staðgreiðsla 2000

Skatthlutfall staðgreiðslu er 38,37%

Skatthlutfall í staðgreiðslu 2000 verður 38,37%. Skatthlutfall barna, þ.e. þeirra sem fædd eru 1984 eða síðar, verður 6% af tekjum umfram fritekjumark.

Persónuafsláttur á mánuði er 23.912 kr.

Fjárhæð persónuafsláttar ársins 2000 er 286.944 kr. eða 23.912 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2000 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður kr. 23.912
- Ef launatímabil er hálfur mánuður kr. 11.956
- Ef launatímabil er fjórtán dagar kr. 10.976
- Ef launatímabil er ein vika kr. 5.488
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

$$\frac{\text{Kr. } 286.944}{366} \times \text{dagafjöldi launatímabilsins}$$

Nú eru 85% millifæranleg frá maka

Pegar launamaður nýtir skattkort maka síns er launagreiðanda heimilt að nota 85% af fjárhæð persónuafsláttar sem skattkortið veitir rétt til.

Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur verður 671 kr. á dag.

Frítekjumark barna er 83.934 kr.

Börn sem fædd eru 1985 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á tekjuárinu fá ekki persónuafslátt. En fyrstu 83.934 kr. af tekjum þeirra eru ekki skattlagðar. Af því sem fer umfram þessa fjárhæð á árinu 2000 reiknast 6%. Á skilagreinum og sundurliðun RSK skal tiltaka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna lífeyrissjóðs er 4% af launum og að auki 2% viðbótarfrádráttur

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 2% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.

Lækkun Tryggingagjalds

Til lækkunar á tryggingagjaldi skal vera iðgjaldshluti launagreiðanda sem nemur 10% af iðgjaldshluta launamanns, þó aldrei hærra en 0,2% af gjaldstofni. Skilyrði lækkunar er að mótfamlagið sé innt af hendi um leið og sparnaður er dreginn af launum. Við skil á staðgreiðslu tryggingagjalds skal taka tillit til lækkunarinnar einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða. Þeir sem hætta rekstri á árinu skulu þó taka tillit til lækkunarinnar við síðustu skil ársins.

Tryggingagjald til staðgreiðslu er nú í einu gjaldstigi 5,23%

Staðgreiðsluskýlt tryggingagjald er 5,23% hið sama fyrir öll greidd laun. Sérregla á þó við um laun sjómanna á fiskiskipum, þar bætist við sérstök trygging. Nánar tiltekið sundurliðast gjaldið þannig samkvæmt lögum:

• Almennt tryggingagjald	3,99%
• Atvinnu-tryggingagjald	1,15%
• Tryggingagjald alls	5,14%
• Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota	0,04%
• Markaðsgjald	0,05%
• Samtals til staðgreiðslu	5,23%
• Viðbót vegna launa sjómanna	0,65%
• Samtals af launum sjómanna	5,88%

Dæmi um útreikning á staðgreiðslu

Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarbærs iðgjalds launþega í lífeyrissjóð. Í þessu dæmi sem tekið er hér eru heildarlaun fyrir einn mánuð kr. 200.000. Iðgjald í lífeyrissjóð, þ.e. framlag launþega, er 4% eða kr. 8.000 (sbr. þó heimild til viðbótar frádráttar, sjá bls. 1). Staðgreiðslan myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Stofn til staðgreiðslu	kr. 192.000
Staðgreiðsluhlutfall	<u>x38,37%</u>
Reiknuð staðgreiðsla	kr. 73.670
Frá dregst persónuafsláttur	<u>kr. 23.912</u>
Staðgreiðsla	kr. 49.758

Noti maður skattkort maka nýtir hann 85% af þeim afslætti sem kortið veitir, sjá nánari reglur um það hér á eftir.

Dæmi um útreikning á tryggingagjaldi

Stofn til tryggingagjalds er hærri en staðgreiðsluskyld laun þar sem mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóða myndar stofn til tryggingagjalds. Í dæminu hér að framan voru heildarlaun kr. 200.000. Við það bætist mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð, sem er í þessu dæmi 6% af kr. 200.000 eða kr. 12.000. Tryggingagjald myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Stofn til tryggingagjalds	kr. 212.000
Staðgreiðsluhlutfall	<u>x5,23%</u>
Tryggingagjald	kr. 11.088

Dæmi um útfyllta skilagrein

RSK		Staðgreiðsla opinberra gjalda		GÍRÓ-SEÐILL	
		Skilagrein vegna launagreiðslna		S 5	
Kennitala	Greiðslutímabil	A Samtals skilaskyld staðgreiðsla og tryggingagjald	KR		
440469-4469	01 2000		60.846		
Nafn - heimili - pósthöð launagreiðenda		B Skilaskyld staðgreiðsla af greiddum launum	49.758		
Gjafavöruverslunin ehf. Laugavegi 202 0000 100 Reykjavík sk00		C Skilaskyld staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi			
Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.		D Tryggingagjald	11.088		
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og að hún er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gög.		E Heildarfjárhæð greiddra launa	200.000		
13. 2. 2000		F Fjárhæð reiknaðs endurgjalds			
Dagsetning	Undirskrift	A+B+C+D+E+F Samtala til vélrænnar afstemmingar fyrir móttakanda	321.692		
RSK 5.10	Björn Björnsson	Engin laun greidd á tímabilinu	<input type="checkbox"/>	Frumrit eintak skattstjóra	
Tilvisunarnúmer	Seðilnúmer	FI	Stofnun-Hb	Reikn.nr.	Upphæð kr.

Skattkort/persónuafsláttur

Skattkort

Skattkort veitir rétt til persónuafsláttar á staðgreiðsluári. Á skattkortinu koma fram upplýsingar um nafn, heimilisfang og kennitölu korthafa. Þar kemur jafnframt fram nafn og kennitala maka eða sambúðaraðila ef heimild til samsköttunar er fyrir hendi. Skattkort sýnir hlutfall persónuafsláttar

Fyrsta skattkort

Þeir sem heimilisfastir eru hér á landi fá sent skattkort í byrjun þess árs sem 16 ára aldri er náð. Skattkortid er hægt að nýta í staðgreiðslu frá ársbyrjun.

Skattkort til þeirra sem flytja til landsins

Menn sem flytja lögheimili sitt til landsins fá sent skattkort eftir að gengið hefur verið frá skráningu hjá Hagstofu Íslands hafi þeir ekki áður fengið útgefið skattkort.

Þeir menn sem koma til landsins með það fyrir augum að dvelja í skemmri tíma en 6 mánuði, þurfa að snúa sér til ríkisskattstjóra til að sækja um skattkort. Við umsókn þarf að framvísa dvalar og atvinnuleyfi.

Hvert á að sækja um skattkort

Hafi skattkort glatast eða ef korthafi þarf að fá skattkort sitt endurnýjað af öðrum ástæðum, getur hann fengið útgefið nýtt skattkort.

Hægt er að sækja um almenn skattkort og skiptingu á þeim til skattstjóra og ríkisskattstjóra á sérstökum eyðublöðum sem þar fást. Þegar óskað er eftir skiptingu á skattkorti þarf að skila upphaflega skattkortinu og fellur það þar með úr gildi.

Um skattkort með uppsöfnuðum persónuafslætti og önnur sérkort er þó einungis hægt að sækja til ríkisskattstjóra. Sama gildir um skattkort fyrir þá sem koma til landsins til stuttrar dvalar.

Skattkort launþega

Til að menn geti nýtt sér persónuafslátt við ákvörðun á staðgreiðslu á tekjuárinu þurfa þeir að afhenda launagreiðanda skattkort sitt.

Launagreiðandi sem ekki hefur undir höndum skattkort launamanns getur ekki tekið tillit til persónuafsláttar við ákvörðun á staðgreiðslu.

Skattkort manna sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur

Sá sem hefur með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur og reiknar sér endurgjald vegna starfseminnar þarf að hafa skattkortið í sinni vörslu til að geta nýtt persónuafslátt við ákvörðun á staðgreiðslu. Sé reiknað endurgjald það lágt að skattstjóri geti veitt undanþágu frá staðgreiðslu þarf að leggja skattkortið inn til skattstjóra. Ef um reiknað endurgjald maka er að ræða gilda sömu reglur um skattkort hans og um skattkort launþega sem starfa við reksturinn.

Skattkort maka

Nýti annað hjóna eða sambúðaraðila ekki að fullu persónuafslátt sinn má fá skattkortinu skipt þannig að maki geti nýtt 85% af ónýtta persónuafslættinum. Um skilyrði fyrir samsköttun er fjallað sérstaklega í kaflanum um persónuafslátt.

Sambúðarfólk sem hyggst óska eftir samnýtingu skattkorts þarf að leggja fram skriflega umsókn ásamt skattkortum beggja. Afgreiðsla þessara umsókna er í höndum skattstjóra, ekki RSK.

Þar í staðfestri samvist nýtur sömu réttinda og hjón og þarf því ekki að sækja um samsköttun.

Þegar skattkorti hefur verið skipt koma fram upplýsingar á hvoru korti fyrir sig um hlutfall persónuafsláttar.

Afhendi launamaður launagreiðanda sínum skattkort maka, ber launagreiðanda að bæta við persónuafslátt hans 85% af þeirri fjárhæð sem skattkortið veitir rétt til.

Uppsafnaður persónuafsláttur

Launagreiðanda er heimilt að taka tillit til persónuafsláttar, sem samkvæmt áritun síðasta launagreiðanda á bakhlið skattkortsins, hefur ekki verið nýttur það sem af er árinu.

Hafi áritun misfarist er hægt að sækja um skattkort með uppsöfnuðum persónuafslætti til ríkisskattstjóra. Slik skattkort eru gefin út allt árið.

Þegar skattkort er skilað til launamanns er mikilvægt að á það séu skráðar upplýsingar um nýttan persónuafslátt, bæði skýrt og rétt.

Önnur skattkort

Auk þeirra skattkorta sem að framan eru nefnd eru til nokkur önnur sérkort. Það eru t.d. skattkort sem gefin eru út til þeirra sem eru búsettir erlendis og eiga ekki rétt á persónuafslætti en fá frá íslenskum aðilum greiðslur. Í þeim tilvikum bera skattkortin ekki með sér fjárhæð persónuafsláttar heldur veita upplýsingar um það skatthlutfall sem launagreiðanda ber að halda eftir sem staðgreiðslu.

Einnig eru gefin út skattkort fyrir þá sem búsettir eru erlendis en fá eftirlaun eða lifeyri á Íslandi og eiga rétt á persónuafslætti á móti þeim greiðslum eingöngu.

Persónuafsláttur

Allir sem náð hafa 16 ára aldri og eru heimilisfastir á landinu eiga rétt á persónuafslætti. Sama gildir um þá sem hafa rétt til að halda hér á landi skattalegu heimili þrátt fyrir dvöl erlendis vegna náms eða veikinda. Hjá þeim sem ná 16 ára aldri á tekjuárinu reiknast fullur persónuafsláttur fyrir allt árið. Við álagningu opinberra gjalda kemur persónuafsláttur til lækkunar á reiknuðum tekjuskatti ársins. Það sem ekki nýtist til lækkunar á reiknuðum tekjuskatti gengur til greiðslu útsvars, eignarskatts, sérstaks eignarskatts og skatts á fjármagnstekjur.

Persónuafsláttur sem ekki er nýttur af framteljanda, eða maka hans, fellur niður.

Skilyrði fyrir samsköttun

Karl og kona sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili eiga rétt á samsköttun ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Umsókn um samsköttun skilist til skattstjóra. Hún þarf að vera skrifleg og undirrituð af báðum.

Staðfest samvist

Ef tveir einstaklingar af sama kyni búa í staðfestri samvist njóta þeir sömu réttinda og hjón hvað varðar samnýtingu persónuafsláttar. Þeir fá einnig sams konar framtöl og hjón og þurfa ekki að sækja um samsköttun.

Persónuafsláttur miðast við dvalartíma

Flytjist menn til eða frá landinu á tekjuárinu, reiknast persónuafsláttur fyrir þann tíma sem þeir voru hér heimilisfastir. Við útreikning á persónuafslætti er miðað við dagafjölda á dvalartímanum.

Persónuafsláttur á dánarári

Hjá þeim sem látast á árinu og láta ekki eftir sig maka reiknast persónuafsláttur til dánardags.

Nýting persónuafsláttar látins maka

Eftir andlát annars hjóna eða annars sambúðaraðila (þegar um er að ræða sambúðarfólk sem uppfyllt hefur skilyrði fyrir samsköttun), er eftirlifandi maka heimilt að nýta persónuafslátt hins látna í níu mánuði, talið frá og með andlátsmánuði. Falli maki frá í maí eða síðar á árinu, færist réttur til nýtingar á hluta persónuafsláttar hans yfir áramót. Reglur um millifærslu persónuafsláttar á þessu níu mánaða tímabili eru þær sömu og gilda um millifærslu persónuafsláttar hjá hjónum.

Ríkisskattstjóri og starfsfólk hans óskar launagreiðendum öllum árs og friðar.

Þökkum samstarfið á liðnu ári.